

Mál nr. 3/2006

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið X v/ B**

Árekstur á Suðurlandsvegi við afleggjara að bænum R þann 28.12.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 5.1.2006, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.1.2006.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið austur Suðurlandsveg og var A ekið á undan B. Í þann mund sem A var beygt til vinstri áleiðis inn á afleggjarann að bænum R hugðist ökumaður B aka vinstra megin fram úr A. Rákust þá saman afturendi A og vinstra framhorn B. Bjart var degi og snjór og hálka á veginum, þegar árekstur varð.

Ökumaður A kvaðst hafa nálgast fyrrgreindan afleggjara, dregið úr hraða og gert sig líklegan til að aka inn á afleggjarann. Hafi hann þá séð B koma á mikilli ferð og hafi henni síðan verið nauðhemað. Hann kvaðst þá hafa aukið hraðann til að reyna að forða árekstri, en ekki náð því og hafi B rekist aftan á A. Í viðbótarkýrslu áréttaði ökumaður A að hann hafi séð til ferða B í speglum bifreiðar sinnar og um leið og ökumaður B hafi reynt að sveigja B yfir á vinstri vegarhelming hafi hún rekist á A. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa verið búinn að beygja til vinstri þegar áreksturinn varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 90 km hraða á klst. og ekið fram úr bifreiðum sem hægar óku. Er hann kom að A hafi ökumaður þeirrar bifreiðar dregið úr hraða og hafi hann talið að ökumaður A hafi ætlað að hleypa sér fram úr. Hann hafi því ekið yfir á vinstri vegarhelming, en þá hafi A einnig verið ekið yfir á þann hluta vegarins skammt vestan afleggjarans að R. Hann hafi reynt að stöðva bifreið sína, en sökum mikillar hálku hafi það ekki tekist og árekstur orðið.

Lögregluþjónn sem gerði skýrslu á vettvangi kvaðst hafa skilið framburð aðila svo að A hafi verið ekið yfir á vinstri vegarhelming á sama eða svipuðum tíma og B var ekið yfir á þann vegarhelming.

Álit.

Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins. Ökumaður A kveður B hafa verið ekið aftan á bifreið sína og ökumaður B staðhæfir að A hafi verið beygt í veg fyrir sig. Engin verksummerki voru á vettvangi um staðsetningu bifreiðanna þegar áreksturinn varð. Eftir atvikum öllum þykir ekki nægilega sannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 31. janúar 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.